

KIRKJUGARÐARÁÐ

32. fundur haldinn 22. júlí 2005 í fundarherbergi á þriðju hæð í Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir. Valtýr Valtýsson boðaði forföll.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 10:15.

2. Efni fundarins

Efni fundarins var að skipuleggja fyrirhugaða ferð Kirkjugarðaráðs til Færeyja 5.-8. ágúst. Formaður hafði pantað ferð fyrir hópinn og hótél. María ætlar að sjá um að skipuleggja ferð til að skoða kirkjugarða og kirkjur.

Auk fundar ráðsins laugardaginn 6. ágúst var stefnt að því að halda kynningarfund með færeyskum kollegum sama dag. Biskup kemur með í ferðina. Guðmundur Rafn getur eingöngu verið með á föstudegi og laugardegi.

Dagskrá fundarins 6. ágúst í Hótel Hafnia er eftirfarandi:

- kl. 10:00: Fundur Kirkjugarðaráðs
- kl. 12:00: Hádegishlé
- kl. 13:00: Framhald fundar Kirkjugarðaráðs
- kl. 14:00.-18.00 Fundur með heimamönnum:

1. Biskup Íslands flytur ávarp (20. mín.)
2. Kynning á málefnum kirkjugarða á Íslandi (Guðmundur Rafn) (15 mín.)
3. Hlé (5 mín.)
4. Kynningarmynd frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (Þórsteinn) (20 mín.)
5. Kynning á Kirkjugarðasambandi Íslands (Þórsteinn) (15 mín.)
6. Kaffihlé (20 mín.)
7. Kynning á Garður.is (Smári)
8. Hólavallagarður, vinna Gunnars (Kristín)
9. Fyrirspurnir
10. Kynning á málefnum kirkjugarða Færeyja

Fundi slitið kl. 11:25.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari